



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 90. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands miðvikudaginn 16. júní 2010 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson og Sigurður M. Garðarsson. Forföll: Ragna Karlsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Valskilyrði vegna ráðstefnustyrkja

Rætt um viðmið þau sem unnið skyldi eftir við val á milli umsókna um styrki félagsins til doktorsnema til að sækja alþjóðlegar jarðhitaráðstefnur. Ákveðið að eftirtalin atriði gætu orðið til að styrkja einstakar umsóknir:

- Umsækjandi verði með erindi eða annað slíkt hlutverk á viðkomandi ráðstefnu.
- Doktorsnám umsækjanda sé komið vel á veg.
- Umsækjandi sé í fullu námi.
- Doktorsverkefni umsækjanda geti haft hagnýtt gildi hérlendis.
- Umsækjandi búi að starfsreynslu tengdri jarðhitanýtingu.

3. Stjórnarkjör IGA

Rætt um kosningarnar sem hófust fyrr þann sama dag. Ákveðið að hvetja félagsmenn til að nýta atkvæðisrétt sinn og minna um leið á að þeir Íslendingar væru í kjöri, þeir Árni Ragnarsson, Benedikt Steingrímsson og Bjarni Pálsson.

4. Einföldun regluumhverfis virkjanaframkvæmda

GAS greindi frá jákvæðum viðbrögðum stjórnar Samorku við erindi Jarðhitafélagsins þessa efnis, en jafnframt að stjórn Samorku teldi ástæðu til að móta hugmyndina betur eða útfærslu hennar. Rætt um að fá fleiri aðila til liðs við sameiginlega erindisgjörð til iðnaðar- og umhverfisráðherra. Formaður ræðir við fulltrúa Skipulagsstofnunar.

5. Önnur mál

Ákveðið að funda næst þriðjudaginn 24. ágúst kl. 15, í húsakynnum Samorku.

Fundi slitið kl. 16:10. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
